

Hafrannsóknastofnunin. Fjölrit nr. 112

Flatfiskar í humarleiðangri 1995-2003

Jónbjörn Pálsson og Kristján Kristinsson

Hafrannsóknastofnunin

Reykjavík

Reykjavík 2005

Efnisyfirlit

Ágrip	7
<i>Abstract</i>	7
Inngangur	9
Aðferðir	9
Leiðangrar og togupplýsingar	9
Veiðarfæri	10
Gagnasöfnun	10
Svæðissskipting	10
Lengdarmæling, kvörnun og talning	10
Úrvinnsla	11
Niðurstöður	12
Langlúra <i>Glyptocephalus cynoglossus</i>	12
Útbreiðsla og kynjahlutfall	12
Lengdardreifing og vísitölur eftir lengd	12
Aldursdreifing og vísitölur eftir aldri	13
Lengd eftir aldri	13
Kynþroski eftir lengd og aldri	14
Hrygningarstig	14
Skrápfjúra <i>Hippoglossoides platessoides</i>	14
Útbreiðsla	14
Lengdardreifing og vísitölur eftir lengd	14
Aldursdreifing og vísitölur eftir aldri	15
Lengd eftir aldri	15
Kynþroski	15
Hrygning	16
Þykkvalúra <i>Microstomus kitt</i>	16
Útbreiðsla	16
Lengdardreifing og vísitölur eftir lengd	16
Aldursdreifing og vísitölur eftir aldri	16
Lengd eftir aldri	16
Kynþroski og hrygning	16
Stórkjafta <i>Lepidorhombus whiffiagonis</i>	17
Útbreiðsla	17
Lengdardreifing	17
Aldursdreifing	17
Lengd eftir aldri	17
Vísitölur eftir lengd og aldri	17
Kynþroski og hrygning	18
Sandkoli <i>Limanda limanda</i>	18
Skarkoli <i>Pleuronectes platessa</i>	18
Lúða <i>Hippoglossus hippoglossus</i>	18
Umræður	19

Heimildir	20
Töflur	21
Myndir	45
Viðauki	90

Töfluskrá

1	Humarleiðangrar Hafrannsóknastofnunarinnar 1995-2003	21
2	Gagnasöfnun flatfiska í humarleiðangri 1995-2003 á megin söfnunarsvæðum	22
2	frh.	23
3	Gagnasöfnun flatfiska í Jökuldjúpi	24
4	Meðallengd og kynjahlutföll þykkvalúru, langlúru, stórkjöftu, sandkola og skrápflúru . .	25
5	Fjöldi hænga og hrygna kynþroskagreindur eftir tegundum	26
6	Langlúra: Aldursdreifing, meðallengd, meðalþyngd og kynþroskahlutfall 1995	27
7	Langlúra: Aldursdreifing, meðallengd, meðalþyngd og kynþroskahlutfall 1996	27
8	Langlúra: Aldursdreifing, meðallengd, meðalþyngd og kynþroskahlutfall 1997	28
9	Langlúra: Aldursdreifing, meðallengd, meðalþyngd og kynþroskahlutfall 1998	28
10	Langlúra: Aldursdreifing, meðallengd, meðalþyngd og kynþroskahlutfall 1999	29
11	Langlúra: Aldursdreifing, meðallengd, meðalþyngd og kynþroskahlutfall 2000	29
12	Langlúra: Aldursdreifing, meðallengd, meðalþyngd og kynþroskahlutfall 2001	30
13	Langlúra: Aldursdreifing, meðallengd, meðalþyngd og kynþroskahlutfall 2002	30
14	Langlúra: Aldursdreifing, meðallengd, meðalþyngd og kynþroskahlutfall 2003	31
15	Skrápflúra: Aldursdreifing, meðallengd, meðalþyngd og kynþroskahlutfall 1995	32
16	Skrápflúra: Aldursdreifing, meðallengd, meðalþyngd og kynþroskahlutfall 1996	32
17	Skrápflúra: Aldursdreifing, meðallengd, meðalþyngd og kynþroskahlutfall 1997	33
18	Skrápflúra: Aldursdreifing, meðallengd, meðalþyngd og kynþroskahlutfall 1998	33
19	Skrápflúra: Aldursdreifing, meðallengd, meðalþyngd og kynþroskahlutfall 1999	34
20	Skrápflúra: Aldursdreifing, meðallengd, meðalþyngd og kynþroskahlutfall 2000	34
21	Skrápflúra: Aldursdreifing, meðallengd, meðalþyngd og kynþroskahlutfall 2001	35
22	Skrápflúra: Aldursdreifing, meðallengd, meðalþyngd og kynþroskahlutfall 2002	35
23	Skrápflúra: Aldursdreifing, meðallengd, meðalþyngd og kynþroskahlutfall 2003	36
24	Þykkvalúra: Aldursdreifing, meðallengd, meðalþyngd og kynþroskahlutfall 1996	37
25	Þykkvalúra: Aldursdreifing, meðallengd, meðalþyngd og kynþroskahlutfall 1998	37
26	Þykkvalúra: Aldursdreifing, meðallengd, meðalþyngd og kynþroskahlutfall 1999	38
27	Þykkvalúra: Aldursdreifing, meðallengd, meðalþyngd og kynþroskahlutfall 2000	38
28	Þykkvalúra: Aldursdreifing, meðallengd, meðalþyngd og kynþroskahlutfall 2001	39
29	Þykkvalúra: Aldursdreifing, meðallengd, meðalþyngd og kynþroskahlutfall 2002	39
30	Þykkvalúra: Aldursdreifing, meðallengd, meðalþyngd og kynþroskahlutfall 2003	40
31	Stórkjafra: Aldursdreifing, meðallengd, meðalþyngd og kynþroskahlutfall 1995	41
32	Stórkjafra: Aldursdreifing, meðallengd, meðalþyngd og kynþroskahlutfall 1998	41
33	Stórkjafra: Aldursdreifing, meðallengd, meðalþyngd og kynþroskahlutfall 1999	42
34	Stórkjafra: Aldursdreifing, meðallengd, meðalþyngd og kynþroskahlutfall 2000	42
35	Stórkjafra: Aldursdreifing, meðallengd, meðalþyngd og kynþroskahlutfall 2001	43
36	Stórkjafra: Aldursdreifing, meðallengd, meðalþyngd og kynþroskahlutfall 2002	43
37	Stórkjafra: Aldursdreifing, meðallengd, meðalþyngd og kynþroskahlutfall 2003	44
A-1	Togstöðvar humarleiðangurs	90

Myndaskrá

1	Togstöðvar í humarleiðangri og svæðaskipting	45
2	Langlúra: Fjöldi fiska á togmílu	46
3	Langlúra: Fjöldi fiska á togmílu eftir svæðum	47
4	Langlúra: Lengdardreifing ókynþroska og kynþroska hænga	48
5	Langlúra: Lengdardreifing ókynþroska og kynþroska hrygna	49
6	Langlúra: Fjöldi fiska á togmílu eftir lengd, öll svæðin	50
7	Langlúra: Fjöldi fiska á togmílu eftir lengd, vestursvæði	51
8	Langlúra: Fjöldi fiska á togmílu eftir lengd, miðsvæði	52
9	Langlúra: Fjöldi fiska á togmílu eftir lengd, austursvæði	53
10	Langlúra: Fjöldi fiska á togmílu eftir aldri, öll svæðin	54
11	Langlúra: Fjöldi fiska á togmílu eftir aldri, vestursvæði	55
12	Langlúra: Fjöldi fiska á togmílu eftir aldri, miðsvæði	56
13	Langlúra: Fjöldi fiska á togmílu eftir aldri, austursvæði	57
14	Langlúra: Vísitölur árganga	58
15	Langlúra: Meðallengd hænga og hrygna eftir aldri 1995-2003	59
16	Langlúra: Meðallengd hænga eftir aldri 1995-2003 skipt eftir svæðum	60
17	Langlúra: Meðallengd hrygna eftir aldri 1995-2003 skipt eftir svæðum	61
18	Langlúra: Kynþroski hænga og hrygna eftir lengd 1995-2003	62
19	Langlúra: Kynþroski hænga og hrygna eftir aldri 1995-2002	63
20	Langlúra: Aldur og lengd hænga og hrygna þar sem 50% einstaklinga hefur náð kynþroska	64
21	Skráplúra: Fjöldi fiska á togmílu	65
22	Skráplúra: Fjöldi hrygna á togmílu eftir svæðum	66
23	Skráplúra: Lengdardreifing ókynþroska og kynþroska hænga	67
24	Skráplúra: Lengdardreifing ókynþroska og kynþroska hrygna	68
25	Skráplúra: Fjöldi hrygna á togmílu eftir lengd, öll svæðin	69
26	Skráplúra: Fjöldi hrygna á togmílu eftir aldri, öll svæðin	70
27	Skráplúra: Vísitölur árganga	71
28	Skráplúra: Meðallengd hænga og hrygna eftir aldri 1995-2003	72
29	Skráplúra: Meðallengd hrygna eftir aldri 1995-2003 skipt eftir svæðum	73
30	Skráplúra: Aldur og lengd hrygna þar sem 50% einstaklinga hefur náð kynþroska	74
31	Þykkvalúra: Fjöldi fiska á togmílu	75
32	Þykkvalúra: Fjöldi fiska á togmílu eftir svæðum	76
33	Þykkvalúra: Lengdardreifing ókynþroska og kynþroska hænga	77
34	Þykkvalúra: Lengdardreifing ókynþroska og kynþroska hrygna	78
35	Þykkvalúra: Fjöldi fiska á togmílu eftir lengd, öll svæðin	79
36	Þykkvalúra: Fjöldi fiska á togmílu eftir aldri, öll svæðin	80
37	Stórkjafta: Fjöldi fiska á togmílu	81
38	Stórkjafta: Fjöldi fiska á togmílu eftir svæðum	82
39	Stórkjafta: Lengdardreifing ókynþroska og kynþroska hænga	83
40	Stórkjafta: Lengdardreifing ókynþroska og kynþroska hrygna	84
41	Stórkjafta: Fjöldi fiska á togmílu eftir lengd, öll svæðin	85
42	Stórkjafta: Fjöldi fiska á togmílu eftir aldri, öll svæðin	86
43	Sandkoli: Fjöldi fiska á togmílu eftir svæðum	87
44	Skarkoli: Fjöldi fiska á togmílu eftir svæðum	88
45	Lúða: Fjöldi fiska á togmílu eftir svæðum	89

Ágrip

Jónbjörn Pálsson og Kristján Kristinsson 2004. Flatfiskar í humarleiðangri 1995-2003. Hafrannsóknastofnunin, Fjölrit 112: 90 bls.

Frá árinu 1995 hefur gögnum um flatfiska verið safnað markvisst í humarleiðangri Hafrannsóknastofnunarinnar sem farinn er í maí ár hvert. Þessi gagnasöfnun beinist einkum að langlúru og skrápflúru, en gögnum er einnig safnað um aðra flatfiska. Tilgangurinn er að fá vísitölur um nýliðun fyrir langlúru og skrápflúru, en humarvarpa er með smærri riðil en dragnót, sem er það veiðarfæri sem langlúra og skrápflúra eru fyrst og fremst veiddar með. Hvað aðrar tegundir varðar er markmiðið að afla almennra svæðisbundinna upplýsinga.

Árlega voru mældir 11 000-15 000 flatfiskar og af þessum fjölda voru aldursgreindir að meðaltali 1 686 fiskar hvert ár. Allir fiskar sem voru ekki mældir voru taldir eða fjöldi þeirra metinn með úrtaki. Gögn um fjölda í togi voru stöðluð miðað við einnar sjómílu toglangd (staðaltog). Útreikningar á þéttleika skrápflúru voru byggðir á hrygnum eingöngu.

Aldursgreindar vísitölur langlúru hafa verið sjálfum sér samkvæmar frá ári til árs, a.m.k. upp að vissum aldri, og er ekki annað að sjá en að þær séu mjög áreiðanlegar. Þetta hafa reynst bestu gögnin sem Hafrannsóknastofnunin hefur um langlúruna, óháð aflagögnum fiskveiðiflotans. Þessar rannsóknir sýna að árgangarnir frá árunum 1989-1993 voru litlir, en árgangar frá árunum 1994-2000 stórir.

Fylgni aldursgreindra vísitalna árganga skrápflúru eitt árið við vísitölur sömu árganga seinna var breytileg eftir aldri, en aldrei jafn góð og hjá langlúru. Samt sem áður er auðvelt að fylgja stórum árgöngum skrápflúru eftir frá ári til árs.

Abstract

Jónbjörn Pálsson og Kristján Kristinsson 2004. Flatfishes in *Nephrops* trawl surveys in Icelandic waters 1995-2003. Marine Research Institute, Report 112: 90pp.

Data on flatfish species have been collected systematically during an annual research cruise on Norway lobster (*Nephrops norvegicus*) fishing grounds since 1995. The collection of the data, i.e. length measurements, sex, maturity stages and otolith collection for age determination, are mainly directed towards witch (*Glyptocephalus cynoglossus*) and long rough dab (*Hippoglossoides platessoides*), but also towards lemon sole (*Microstomus kitt*) and megrim (*Lepidorhombus whiffiagonis*) and to a lesser extent dab (*Limanda limanda*) and halibut (*Hippoglossus hippoglossus*). The main purpose of this research was to estimate recruitment of witch and long rough dab, as the mesh size of the trawl codend used in these surveys is smaller than that of the commercial fishing gear used for catching flatfish.

Each year, 11 000-15 000 flatfish were length measured, of which otoliths for age determination were, on average, collected from 1 686 fish annually. The total number of each species was counted or estimated from a subsample. All data were standardized to a towlength of one nautical mile. Estimation of abundance of long rough dab was based on females only.

Indices for yearclasses of witch have shown consistency from one year to the next, at least up to a certain age. These indices seem to be reliable and the best available information on yearclass strength, independent of fishery data. The results show that the 1989 to 1993 yearclasses were small, whereas the 1994-2003 yearclasses were large.

Indices for yearclasses of long rough dab are not as consistent as for witch, but still give valuable information.

Inngangur

Veidar Íslendinga á flatfiski hafa lengstum verið bundnar við lúðu (*Hippoglossus hippoglossus*), skarkola (*Pleuronectes platessa*) og seinna grálúðu (*Reinhardtius hippoglossoides*). Það er ekki fyrr en um 1987 sem farið er að stunda verulegar veiðar á öðrum tegundum, þá fyrst langlúru (*Glyptocephalus cynoglossus*) og síðan sandkola (*Limanda limanda*) auk þykkvalúru (*Microstomus kitt*) og stórkjöftu (*Lepidorhombus whiffiagonis*) sem eru mun minni stofnar. Umtalsverðar veiðar á skrápflúru (*Hippoglossoides platessoides*) hefjast ekki fyrr en upp úr 1990.

Danir stunduðu rannsóknir á flatfiskum við Ísland á fyrri hluta 20. aldar, einkum lúðu (Jespersen 1917, 1926, 1936, 1938) og skarkola (Tåning 1926, 1929, 1948). Eftir að Íslendingar tóku þessar rannsóknir í sínar hendur beindust þær áfram fyrst og fremst að þessum sömu tegundum. Þannig rannsakaði Aðalsteinn Sigurðsson lúðu við vesturströnd Íslands (Aðalsteinn Sigurðsson 1956) og stundaði síðar miklar merkingarrannsóknir á skarkola við Ísland (Aðalsteinn Sigurðsson 1989). Þegar svo umtalsverðar veiðar hófust á öðrum tegundum flatfiska lágu fyrir tiltölulega litlar rannsóknir á þeim við Ísland. Nokkrar rannsóknir á líffræði sandkola höfðu þó verið gerðar (Gunnar Jónsson 1966), en t.d. hafði nær ekkert verið skrifað um skrápflúru. Því má segja að rannsóknir Hafrannsóknastofnunarinnar hafi verið nokkuð á eftir þeirri þróun sem varð í veiðum þessara flatfiska.

Til þess að bæta úr því ástandi var árið 1994 sett á fót á Hafrannsóknastofnuninni sérstök nefnd, flatfiskanefnd, til þess að stjórna átaki í auknum flatfiskarannsóknum allt frá uppvaxtarsvæðum skarkolaungviðis á fjörum niður á dýpstu slóðir grálúðunnar. Tilgangur þessa átaks var bæði að auka almenna þekkingu á líffræði þessara tegunda og fá gögn sem leiddu til bættrar ráðgjafar um nýtingu þeirra.

Eitt þeirra mála sem skoðað var hvort hægt væri að bæta gagnasöfnun flatfiska í einhverjum af árlegum leiðöngrum Hafrannsóknastofnunarinnar. Í ljós kom að hægt var að afla gagna í humarleidangri með litlum viðbótarkostnaði. Verulegur hluti afla við humarrannsóknir (svo og í humarveiðum) er flatfiskur, en hafði fram til þessa verið lítt rannsakaður, einungis var fjöldi fiska af hverri tegund áætlaður út frá úrtaki. Frá árinu 1995 hafa því tveir menn farið í humarleidangur til gagnasöfnunar á flatfiski. Á því svæði, sem humarleidangur fer um, eru mikilvæg veiðisvæði ýmissa flatfiska, einkum langlúru og skrápflúru. Þannig fást mikilvæg gögn um líffræði og útbreiðslu þessara tegunda m.a. vegna þess að í humarleidangri er notað smáriðnara veiðarfæri (möskvastærð 80 mm) en t.d. í dragnót (stærð möskva 120-155 mm) sem er það veiðarfæri sem mest er notað við kolaveiðar. Þannig veiðist með humarvörpu yngri langlúra en í dragnót og fást því upplýsingar um stærð árganga áður en þeir koma inn í veiði.

Markmið þessara rannsókna í humarleidangri er að kanna magn, aldurs- og lengdardreifingu flatfiska, einkum langlúru og skrápflúru, við suðurströndina í þeim tilgangi að reikna stofnvísitölur fyrir flatfiska. Jafnframt að kanna hvort nota meggi gögn úr humarleidangri til að meta nýliðun langlúru og skrápflúru. Að lokum að gera samanburð milli svæða á aldursdreifningu langlúru og skrápflúru og lengd eftir aldri í þeim tilgangi að kanna hversu einsleitt rannsóknasvæðið er hvað þessa þætti varðar, en þær upplýsingar eru nauðsynlegar við skipulagningu frekari gagnasöfnunar.

Tilgangur þessarar skýrslu er að taka saman yfirlit yfir þá gagnasöfnun á flatfiskum sem fram fór í humarleidöngrum árin 1995-2003 og greina frá helstu niðurstöðum.

Aðferðir

Leiðangrar og togupplýsingar

Gögnum um flatfiska var safnað árin 1995-2003 í leiðöngrum Hafrannsóknastofnunarinnar sem farnir eru árlega í maí til humarrannsókna við suðvestur- og suðurströndina (frá Lónsdjúpi og vestur í Jökuldjúpi) (1. mynd). Leiðangrarnir voru allir farnir á rannsóknaskipinu Dröfn RE 35 (1. tafla).

Staðsetning stöðva er sýnd á 1. mynd, og eru þær öll árin á svipuðum stað þar sem um er að ræða svokallaðar fastar stöðvar. Fjöldi toga var á bilinu 51-57 á hverju ári (1. tafla). Staðsetning vörpunnar

og botndýpi var skráð við kast og hífingu öll árin, en einnig var skráð tog lengd og togtími auk ýmissa umhverfisþátta.

Veiðarfæri

Humarvarpan sem notuð hefur verið við rannsóknirnar er svonefndur „Gaflari“ með 150 feta höfuðlínu. Stærð möskva er 80 mm í allri vörpunni og hún útbúin eins og gert er ráð fyrir á löglegum vörpum fiskiskipa. Árið 1995 var því einn leggluggi á þaki belgsins, en eftir það voru þeir tveir.

Gagnasöfnun

Svæðisskipting

Við skipulagningu gagnasöfnunar var rannsóknarsvæðinu skipt niður í þrjú svæði (1. mynd):

1. Vestursvæði: Vestan 21°V og sunnan 64°N, Hafnaleir-Eldeyjarbanki og sunnan við Reykjanes (tog tekin í reitum 321, 323, 371, 372 og 373).
2. Miðsvæði: Milli 18°V og 21°V, við Vestmannaeyjar (Háfadjúp og suður af Surtsey) (tog tekin í reitum 319 og 320).
3. Austursvæði: Austan 18°V, Meðallandsbugt-Breiðarmerkudjúp (tog tekin í reitum 316, 364, 365, 366, 367 og 414).

Til viðbótar við þessi þrjú svæði hafa flest árin verið tekin eitt til tvö tog í Jökuldjúpi. Kvarnasýni úr langlúru og skrápflúru voru miðuð við þessa skiptingu eins og nánar er lýst hér á eftir.

Lengdarmæling, kvörnun og talning

Allir flatfiskar úr hverju togi voru tíndir úr aflanum, en undantekning var gerð fyrstu árin ef mikið var af skrápflúru. Þá var sýni af skrápflúru tekið af handahófi til mælingar og kvörnunar en sá fjöldi sem eftir var áætlaður með þeim hætti að það sem fór aftur í hafið var talið í körfum. Áður hafði fjöldi skrápflúru verið talinn úr tveimur til þremur körfum og meðalfjöldi í körfu reiknaður út frá því.

Af hverri tegund flatfiska var miðað við að mæla fimmfalt það lengdarbil sem fiskurinn dreifðist á. Ef fjöldi fiska af tegundinni var meiri í toginu en nægði til mælingar var fiskur valinn á tilviljunarkenndan hátt og allt umfram mælingu talið. Allur lengdarmældur fiskur var kyngreindur.

Mælt var úr hverju togi með eftirfarandi undantekningum:

- Árið 1995 var skrápflúra ekki mæld á einni stöð á austursvæði og einni á miðsvæði. Auk þess var mæling á skrápflúru ekki kyngreind á tveimur stöðvum á vestursvæði. Mæling á langlúru á tveimur stöðvum á miðsvæði var mjög lítil og telst ekki nothæf, en fjöldinn var talinn.
- Árið 1996 reyndist ekki rúm fyrir mælingamenn flatfiska í upphafi leiðangurs vegna annarra verk-efna leiðangursins. Á nokkrum þeim stöðvum sem þá voru teknar voru sýni af langlúru og skrápflúru fryst og mæld síðar. Á miðsvæði var langlúra ekki mæld á tveimur og skrápflúra á þremur af átta stöðvum. Af 23 stöðvum sem teknar voru á austursvæði vantar mælingu á langlúru af níu stöðvum og skrápflúru af 13. Fjöldi fiska af hverri tegund á þeim stöðvum þar sem ekki var unnt að mæla, var talinn.

Árið 1995 og 1998-2003 var stærstur hluti fiskanna kynþroskagreindur jafnframt kyngreiningunni. Kynþroski var greindur í eftirfarandi fjögur stig:

- 1. stig. Ókynþroska fiskur.

- 2. stig. Kynkirtlar að þroskast, ýmist í fyrsta skiptið eða eftir fyrri hrygningu.
- 3. stig. Hrygnandi fiskur, en þá rennur úr sviljum og hrognasekkjum ef þrýst er á fiskinn.
- 4. stig. Hrygndur fiskur, þroskun að næstu hrygningu ekki hafinn.

Fiskur á kynþroskastigi 2, 3 og 4 er kynþroska fiskur.

Miðað var við að kvarna 300 langlúrir á hverju hinna þriggja svæða, samtals 900 fiska. Gagnasöfnuninni var síðar breytt í ljósi stöðvafjölda og aflamagns á svæðunum á eftirfarandi hátt og sýni þá helst tekin úr tilgreindum tilkynningaskyldureitum:

1. Vestursvæði, reitir 372 og 373: Alls 350 langlúrir.
2. Miðsvæði, reitir 320 og 319: Alls 250 langlúrir.
3. Austursvæði, reitir 365-367: Alls 300 langlúrir.

Af skrápflúru var miðað við að kvarna 500 sem skiptust þannig á svæðin:

1. Vestursvæði, reitir 372 og 373: Alls 200 skrápflúrir.
2. Miðsvæði, reitir 319 og 320: Alls 100 skrápflúrir.
3. Austursvæði, reitir 365-367: Alls 200 skrápflúrir.

Af sandkola var áætlað að kvarna 100-150 fiska af miðsvæði (reitur 320) öll árin. Auk þess voru tekin kvarnasýni úr stórkjöftu árin 1995 og 1998-2003 og þykkvalúru árin 1996 og 1998-2003. Öll lúða var kvörnuð árin 1998-2003.

Fiskur til kvörnunar var valinn á tilviljunarkenndan hátt. Miðað var við að ekki væru kvarnaðir fleiri en 50 fiskar af sömu tegund á hverri stöð. Við kvörnun var skráð lengd, kyn, kynþroski og óslægð og slægð þyngd hvers fisks. Við slægingu voru hrognasekkir fjarlægðir úr hrygnum á 2. og 3. kynþroskastigi. Allar upplýsingar hvað varðar lengdarmælingu og kvörnun voru skráðar jafnharðan á tölvu, sem tengd var við Marel sjóvog, með forritinu SeaScale Ver. 1.0.

Úrvinnsla

Við úrvinnslu var rannsóknasvæðinu skipt upp í þau þrjú svæði sem fyrr er getið (1. mynd). Gögn um flatfiska á tveimur stöðvum í Jökuldjúpi (reitur 423) voru ekki notuð við úrvinnslu (3. tafla).

Við útreikninga á vísitölum fyrir flatfiska var miðað við fjölda fiska í staðaltogi sem er ein sjómíla (=1,852 km) á lengd. Fyrir skrápflúru var fjöldi í staðaltogi einungis reiknaður út fyrir hrygnur, en fyrir bæði kynin saman hjá öðrum tegundum. Ástæðan fyrir sérstakri meðhöndlun skrápflúrugagna er sú að hængar skrápflúru eru það smávaxnir að þeir koma lítt sem ekkert inn í veiðistofninn. Því er vísitala sem inniheldur hænga lítt marktæk til útreikninga á nýliðun í veiðistofn skrápflúru.

Á stöðvum þar sem fiskar voru taldar umfram mælingu, var töldum fjölda bætt inn í mælinguna á viðkomandi stöð í þeim hlutföllum sem mælingin sýndi. Á stöðvum þar sem skrápflúrir voru taldar umfram mælingu, var töldum fjölda skipt milli kynja eftir kynjahlutfalli í mælingu og fjölda hrygna bætt inn í lengdardreifingu hrygnanna á viðkomandi stöð. Lengdardreifing á hverri stöð var síðan stöðluð miðað við einnar sjómílu toglangd.

Meðalfjöldi fiska á hverju lengdarbili (einn cm) var síðan reiknaður út fyrir hvert svæði og fyrir öll svæðin saman miðað við staðaltog. Vísitala tegundar á viðkomandi svæði var reiknuð sem samanlagður fjöldi í staðlaðri lengdardreifingu tegundarinnar.

Aldurs-lengdarlyklar voru gerðir eftir aldursgreindum gögnum hvers árs, bæði fyrir langlúru og skrápflúru (aðeins hrygnur hjá skrápflúru). Stöðluð aldursdreifing var síðan reiknuð fyrir hvert ár með

Því að margfalda staðlaða heildarlengdardreifingu (hrygnur hjá skrápflúru) með viðkomandi aldurslengdarlykli. Á sama hátt var stöðluð aldursdreifing langlúru eftir svæðum reiknuð á þann hátt að stöðluð lengdardreifing hvers svæðis var margfölduð með aldurslengdarlykli gerðum eftir kvarnasýnum viðkomandi svæðis.

Niðurstöður

Fjöldi fiska sem veiddist á aðal söfnunarsvæðinu (fyrir utan Jökuldjúp, sbr. 3. töflu) á hverju ári var á bilinu 42 500-78 300 (2. tafla). Mest veiddist af skrápflúru þessi ár, en næst mest af langlúru. Fjöldi flatfiska sem veiðist í þessum leiðöngurum hefur farið vaxandi allt frá árinu 1999.

Árlega voru mældir 11 000-15 000 fiskar og þá mest af langlúru og skrápflúru (2. tafla). Af þessum fjölda voru aldursgreindir að meðaltali 1 686 fiskar hvert ár.

Langlúra *Glyptocephalus cynoglossus*

Útbreiðsla og kynjahlutfall

Árlega veiddust á bilinu 6 300-20 500 langlúrir á rannsóknarsvæðunum þremur (2. tafla). Mest veiddist árið 2001 en minnst árið 1996. Langlúra fékkst á öllum stöðvum og var mest af henni á svæðinu við Eldey (2. mynd).

Fjöldi langlúru á togmílu hefur alltaf verið mestur á vestursvæði. Í upphafi rannsókna veiddust að meðaltali um 40 langlúrir á togmílu en fjöldinn fór vaxandi frá árinu 1996 og náði hámarki 2001 er 130 langlúrir veiddust á togmílu (3. mynd). Síðan hefur langlúrumagn á vestursvæði heldur minnkað og var 96 fiskar á togmílu árið 2003. Á miðsvæði var fjöldinn fyrstu árin á bilinu 20-35 langlúrir á togmílu en fór vaxandi eftir 1999 og var um 68 fiskar á togmílu árið 2003. Mikil aukning var á langlúru á austursvæði þar sem fjöldinn jókst úr 10-15 fiskum á togmílu á árunum 1995-1999 í tæplega 70 fiska á togmílu árið 2001, en fjöldinn hefur minnkað lítillega síðan. Þegar öll svæðin þrjú eru tekin saman sem ein heild þá sést að langlúrustofninn var í lágmarki árið 1996 en þá veiddust að meðaltali 22,5 fiskar á togmílu. Stofninn var hins vegar í hámarki árið 2001 er 90,7 langlúrir veiddust að meðaltali á togmílu.

Hrygnur voru alltaf fleiri en hængar. Hlutfall hrygna var minnst 52%, en mest 68% (4. tafla). Að jafnaði var kynjahlutfallið þannig að um 60% af fjölda voru hrygnur og 40% hængar.

Lengdardreifing og vísitölur eftir lengd

Hængar voru á lengdarbilinu 8-48 cm, en mjög lítið var af hængum yfir 40 cm lengd (4. mynd). Hrygnur voru á lengdarbilinu 9-58 cm en lítið var þó af hrygnum yfir 50 cm lengd (5. mynd). Mjög lítið veiddist af langlúru undir 18 cm lengd og á það við bæði kynin.

Stöðluð lengdardreifing langlúru (meðalfjöldi á togmílu eftir lengd) árið 1995 sýnir mjög lítið af fiski á bilinu 15-22 cm það ár (6. mynd). Þetta er smæsta langlúran sem veiðist í þessari rannsókn og gefur vísbendingu um yngsta árganginn í rannsókninni hverju sinni. Árið eftir var hins vegar meira vart við langlúru á þessu lengdarbili, einkum á vestursvæði (7. mynd) og á miðsvæði (8. mynd), en einungis lítið á austursvæði (9. mynd). Næstu ár má glögg sjá hvernig lengdardreifing þessa aldurshóps hliðrast vegna vaxtar árgangsins og árið 1998 er toppurinn á lengdardreifingu hans um 30 cm. Þessi toppur við 30 cm lengd árið 1998 kom sérstaklega fram á vestursvæði en var einnig áberandi á miðsvæði. Á austursvæði var hann hins vegar lítil. Árið 2000 var aftur toppur nálægt 20 cm lengd, en þá var hann hins vegar stærstur á austursvæði en minnstur á vestursvæði. Það virðist fullt samræmi í breytingum á lengdardreifingu langlúru frá einu ári til annars og er hægt að fylgja árgangi eftir í lengdardreifingu í 3-4 ár eftir að hann sést fyrst.

Aldursdreifing og vísitölur eftir aldri

Árin 1995 og 1996 var tiltölulega lítil breytileiki í tíðni aldurshópa langlúru. Hrygnur voru mest á aldrinum 3-12 ára og hængur 3-10 ára (6. og 7. tafla). Þessi ár var hlutfall gamalla hrygna, þ.e. 10 ára og eldri, mun hærra en hin síðari ár. Frá 1997 fækkaði í elstu aldurshópunum og á árunum 2001 og 2002 veiddist enginn hrygna eldri en 11 ára. Elsti hængurinn sem veiddist var 13 ára og fékkst árið 1996. Síðustu tvö árin voru innan við 1% af hængum eldri en sjö ára (13. og 14. tafla).

Árið 1996 var tveggja ára fiskur um 4,7% af fjölda í kvarnasýnum og voru þetta fyrstu merki um árganginn frá 1994. Á árunum 1997-1999 (8.-10. tafla) var þessi árgangur yfirgnæfandi í sýnum með 37% af fjölda árið 1997, 44,6% árið 1998 og um 30,5% árið 1999, þá orðinn 5 ára. Árið 2000 fer 1998 árgangurinn að koma inn í veiðina og var þessi árgangur hlutfallslega stærstur í sýnum næstu tvö árin á eftir sem þriggja og fjögurra ára fiskur, og einnig áberandi sem 5 ára árið 2003 (11.-14. tafla).

Árið 1995 var vísitala aldurshópa tiltölulega jöfn og vísitala fimm ára langlúru hæst eða 4,9 fiskar á togmílu (10. mynd). Vísitala gamallar langlúru, 9 ára og eldri, var 9,7 fiskar á togmílu sem er hátt miðað við síðari ár. Árið 1996 var vísitala fjögurra ára langlúru hæst, 4,9 fiskar á togmílu, en gamallar (9 ára og eldri) 6,1 fiskur á togmílu. Vísitala árgangsins frá 1994 var 1,6 fiskar á togmílu, þá tveggja ára. Árið 1997 var vísitalan 11,2 og árið eftir 15,1 fiskar á togmílu sem var hæsta vísitala eins aldurshóps sem þá hafði sést. Vísitala langlúru 9 ára og eldri var hins vegar 2,8 fiskar á togmílu árið 1997 en 4,3 árið eftir. Árgangurinn frá 1994 var áfram áberandi í langlúrustofninum árin 1999 og 2000 sem 5 og 6 ára fiskur.

Árið 2000 veiddist óvenjumikið af tveggja ára langlúru eða 10,5 fiskar á togmílu. Þessi árgangur frá 1998 sló síðan öll met árið eftir, þegar veiddust að meðaltali 37,7 þriggja ára langlúru á togmílu. Þetta er stærsti árgangur sem komið hefur fram síðan þessar rannsóknir hófust. Samkvæmt mælingum árin 2002 og 2003 þá er árgangurinn frá 1999 einnig stór og sá næst stærsti síðan mælingar hófust. Þegar á heildina er litið sýna vísitölur að árgangar 1990-1993 voru mun minni en árgangar frá 1994-1999.

Vísitala eftir svæðum sýnir að þéttleiki yngstu aldurshópanna, 5 ára og yngri, var alltaf hæst á vestursvæðinu en lægstur á austursvæði (11., 12. og 13. mynd). Vísitölur 6 ára og eldri voru svipaðar á vestur- og miðsvæði, en lægri á austursvæði. Þannig voru allar vísitölur lægstur á austursvæði. Hins vegar var breytilegt hvar nýir árgangar komu sterkast fram. Árgangurinn frá 1994 var algengastur á vestursvæði og t.d. árið 1998 (þá fjögurra ára) var þéttleikinn á austursvæði tæplega fjórðungur af því sem hann var á vestursvæði. Aftur á móti var útbreiðsla árgangsins frá 1998 með nokkrum öðrum hætti, því þegar hans varð fyrst vart (þá tveggja ára) var þéttleikinn mestur á austursvæði. Þar fengust um þrefalt fleiri tveggja ára langlúru á togmílu en á vestur- og miðsvæði. Árið eftir, þ.e. 2001, hafði útbreiðslan jafnast út og var þéttleikinn nokkuð áþekkur á öllum svæðum.

Ef bornar eru saman vísitölur árganga þegar þeir eru á ákveðnum aldri og vísitölur sömu árganga þegar þeir eru eldri sést að það er gott samræmi milli vísitalanna allt þar til árgangurinn nær 8 ára aldri (14. mynd).

Lengd eftir aldri

Meðallengd hænga og hrygna sýnir að hrygnur voru alltaf stærri eftir aldri. Við tveggja til þriggja ára aldur var þessi munur um 4%, en heldur dró í sundur með kynjunum eftir því sem langlúran varð eldri. Við 12 ára aldur var meðallengd hrygna um 10% meiri en meðallengd hænga (6.-14. tafla).

Meðallengd aldurshópa var nokkuð breytileg eftir árum. Einkum var meðallengd eftir aldri lítil árið 1995 (15. mynd). Ef meðallengd eftir aldri var skoðuð eftir svæðum sést að þessi breytileiki var mestur á vestursvæði en einna minnstur á miðsvæði, bæði meðal hænga og hrygna.

Meðallengd eftir aldri var að jafnaði mest á austursvæði, einkum var þetta áberandi hjá hrygnum (16. og 17. mynd). Meðallengd eftir aldri á vestur- og miðsvæði var hins vegar mjög svipuð.

Kynþroski eftir lengd og aldri

Verulegur hluti hrygna sem veiddist á rannsóknasvæðinu var ókynþroska eða á bilinu 60-70% árin 1997-2003 (5. tafla). Árin 1995 og 1996 var hlutfall ókynþroska hrygna 35-40%. Meðal hænga var hlutfall ókynþroska fíks breytilegt og var á bilinu 12-69%.

Hængar voru smærri og yngri en hrygnur er þeir urðu kynþroska (18. og 19. mynd). Meðal hænga fer kynþroski ekki að marki af stað fyrr en eftir þriggja ára aldur. Voru smæstu hængarnir um 20 cm langir. Hjá hrygnum fer almennt ekki að bera á kynþroska fyrr en við fjögurra ára aldur og voru afar fáar hrygnur undir 28 cm lengd kynþroska.

Sá aldur þar sem helmingur árgangsins er orðinn kynþroska fór lækkandi á þeim árum sem rannsóknin náði til. Fyrstu 6 árin sveiflaðist þessi aldur hjá hængum frá 3,5-4,5 árum, en var um 3,0 ár 2002 og 2003 (20. mynd). Segja má að 50% kynþroskaaldur hænga hafi lækkað um eitt ár. Svipað gerðist hjá hrygnum. Þar var 50% kynþroskaaldur á bilinu 6-7 ár fimm fyrstu árin, en fór síðan lækkandi og var kominn niður undir 5 ár 2003 (20. mynd).

Lengd langlúru, þar sem helmingur var kynþroska, tók svipuðum breytingum á þessum árum (20. mynd). Hjá hængum var 50% kynþroskalengd 27 cm árin 1995-2000, en var um 25 cm árið 2003. Hjá hrygnum var 50% kynþroskalengd um 34 cm tvö fyrstu árin, óx síðan og var um 36,5 cm árin 1997-1999. Síðan minnkaði 50% kynþroskalengd hrygna aftur og var um 35 cm árin 2000-2003.

Hrygningarstig

Stærstur hlutur kynþroska langlúru var á 2. hrygningarstigi á þeim tíma sem humarleiðangrar voru farnir, þ.e. hrygning var almennt ekki hafin (5. tafla). Flest árin var um og yfir 85% hrygnanna á 2. stigi, en árið 2003 voru þó einungis 74% á þessu stigi. Hængarnir voru oftast komnir nokkuð lengra í þroska, þannig var 29% kynþroska hænga á 2. stigi árið 2003.

Skráþflúra *Hippoglossoides platessoides*

Útbreiðsla

Árlega veiddust um 30 200-48 500 skráþflúrir í leiðangrinum, mest árið 2003 en minnst árið 1999 (2. tafla). Skráþflúra fékkst á öllum stöðvum (21. mynd). Mest var af skráþflúru á austursvæði fram til ársins 1999, en næstu þrjú ár fékkst mest á vestursvæði. Árið 2003 hafði austursvæði aftur vinninginn (22. mynd).

Á austursvæði var meðalfjöldi skráþflúru á togmílu frá 110 til 209, mest árið 2003 og minnst árið 2000 (22. mynd). Á vestursvæði var fjöldi skráþflúru í lágmarki árið 1990 eða 76 hrygnur á togmílu og í hámarki árið 2001 eða 191 hrygna á togmílu. Minnst fékkst af skráþflúru á miðsvæði og var meðalfjöldinn 36-115 hrygnur á togmílu (22. mynd).

Lengdardreifing og vísitölur eftir lengd

Hlutfall hænga í mælisýnum var á bilinu 12-23% eftir árum (4. tafla). Hængar voru á lengdarbilinu 4-41 cm, þó var mjög lítið af hængum sem náðu 30 cm lengd (23. mynd). Mestur fjöldi hænga var á bilinu 18-22 cm.

Hrygnur voru á lengdarbilinu 4-47 cm. Lengdardreifing hrygna var yfirleitt með tveimur áberandi toppum, annan á lengdarbilinu 21-23 cm og hinn á bilinu 30-35 cm (24. mynd). Það var hins vegar breytilegt eftir árum hvor toppurinn reis hærra.

Stöðluð lengdardreifing hrygna á öllu rannsóknasvæðinu var í heild nokkuð áþekkt frá ári til árs að því leyti að alltaf var toppur á lengdardreifingunni milli 20 og 25 cm og aftur, flest árin, milli 30 og 35 cm (25. mynd). Þessir toppar skýrast að mestu leyti af stærð þeirra árganga sem fyrir eru í stofninum og vali veiðarfæris. Oftast virðast þó fleiri en einn árgangur standa undir hvorum toppi.

Aldursdreifing og vísitölur eftir aldri

Yngstu hængar skrápflúru sem fengust í þessum leiðöngrum voru tveggja ára og þeir elstu 11 ára (15.-23. tafla). Algengustu aldurshóparnir voru 4-8 ára og flest árin var mest af 5 og 6 ára hængum. Lítið var af hængum eldri en 8 ára. Breytilegt var eftir árum hve vel hængar komu fram í kvarnasýnum, minnst árið 1998 en mest árið 1996.

Yngstu hrygnurnar voru tveggja ára og þær elstu 16 ára, en flestar voru hrygnurnar á aldrinum 3-11 ára (15.-23. tafla).

Fyrsta árið sem þessi rannsókn fór fram var mest af skrápflúruhrygnum af árganginum frá 1989, þá 6 ára, og mældust 32 hrygnur á togmílu að meðaltali (26. mynd). Næstu þrjú ár á eftir var þessi árgangur áfram sá algengasti og árið 1998 mældist 31 hrygna á togmílu að meðaltali úr þessum árgangi. Þetta virðist hafa verið nokkuð stór árgangur, en allur samanburður á stærð árganga er hér skoðaður hlutfallslega úr þessum gögnum. Þetta fyrsta ár mældist einnig nokkuð mikið af 5 ára skráplúru (árgangur 1990) og virðist sá árgangur hafa verið í góðu meðallagi. Í þessum rannsóknum virðist það almennt, að skrápflúruhrygnur mælast í mestum þéttleika um 5 og 6 ára aldur.

Árið 1998 mældist mikið af 5 ára skrápflúru (árgangur 1994) eða um 30 hrygnur á togmílu og reyndist sá árgangur í framhaldinu í góðu meðallagi. Þegar árgangurinn frá 1995 kemur til skjalanna mældist hann jafnvel stærri, þar sem 32 og 36 hrygnur 5 og 6 ára (árin 2000 og 2001) mældust af þeim árgangi að meðaltali á togmílu (26. mynd). Árið 2001 mældist einnig mikið af þriggja og fjögurra ára hrygnum auk 6 ára hrygna. Báðir árgangarnir frá 1997 og 1998 virðast stórir, sérstaklega árgangurinn frá 1998. Þann árgang má reyndar strax sjá í gögnunum frá árinu 2000, en þá fékkst óvenju mikið af tveggja ára hrygnum. Árið 2003, þegar þessi fiskur var 5 ára, sló hann öll met því þá mældust að meðaltali um 54 fimm ára hrygnur á togmílu. Ekki hefur áður mælst svo mikið af 5 ára hrygnum.

Ef bornar eru saman vísitölur árganga á ákveðnum aldri og vísitölur sömu árganga árinu eldri sést að það er þokkalegt samræmi milli vísitalnanna, einkum fyrstu árin (27. mynd).

Lengd eftir aldri

Meðallengd hænga og hrygna eftir aldri sýnir, að strax við tveggja ára aldur voru hrygnur skrápflúrunnar orðnar stærri en hængar (15.-23. tafla). Yfir heildina munaði 5% á meðallengd kynjanna. Þessi munur jókst með aldri og við 8 ára aldur voru hrygnur að meðaltali um 20% stærri en hængarnir. Vegna þess að lítið veiðist af hængum eldri en 8 ára er samanburður á meðallengd hænga og hrygna ekki raunhæfur fyrir eldri fisk.

Meðallengd aldurshópa er nokkuð breytilegur eftir árum (28. mynd). Ef meðallengd eftir aldri er skoðuð eftir svæðum og árum (29. mynd) sést að lengdardreifingin var mjög svipuð á svæðunum þremur.

Kynþroski

Hlutfall ókynþroska hænga var lágt öll árin eða á bilinu 2-11% (5. tafla). Svo til allir hængar stærri en 20 cm voru kynþroska. Að meðaltali voru um 50% hænganna orðnir kynþroska 11,5 cm og 90% kynþroska við 17 cm lengd. Skoðað eftir aldri, þá voru um 50% hænga orðnir kynþroska við tveggja ára aldur og við fjögurra ára aldur voru yfir 90% hænga orðnir kynþroska.

Hlutfall ókynþroska hrygna var herra en hjá hængum eða á bilinu 11-28% (5. tafla). Að meðaltali voru 50% hrygnanna orðnar kynþroska við 19,0 cm lengd, en breytileiki var nokkur frá ári til árs, eða 16 til 21 cm (30. mynd). Um 90% hrygnanna voru kynþroska við 27 cm lengd. Fyrstu fjögur ár þessara rannsókna náðu hrygnur 50% kynþroskahlutfalli við 4,5 ára aldur, en síðustu þrjú árin við 3,5 ára aldur (30. mynd). Við 5,5 ára aldur er 90% hrygna orðin kynþroska.

Hrygning

Svo til allar kynþroska skrápflúruhrygnur voru á 4. kynþroskastigi á þeim tíma sem humarleiðangrar voru farnir, þ.e. hrygningu var lokið (5. tafla). Öll árin voru hængar annað hvort á 3. kynþroskastigi (hrygning í fullum gangi) eða á 4. kynþroskastigi (5. tafla).

Þykkvalúra *Microstomus kitt*

Útbreiðsla

Árlega veiddust 600-1 500 þykkvalúrir í leiðangri (2. tafla). Öll árin veiddist mest af þykkvalúru á vestursvæði og þá fyrst og fremst á Selvogsbankanum (31. mynd). Á vestursvæðinu var fjöldinn mestur árið 2003 eða 9,5 fiskar á togmílu en minnstur árið 1995, en þá fengust um 4,3 fiskar á togmílu (32. mynd). Á miðsvæði var fjöldi á togmílu á bilinu 0,7-5,2 fiskar, minnstur árið 1997 og mestur árið 2003. Langminnst veiddist af þykkvalúru á austursvæði en fjöldi fiska á togmílu var á bilinu 0,2-2,9.

Lengdardreifing og vísitölur eftir lengd

Nokkur munur var á lengdardreifingu hænga og hrygna og voru hrygnurnar að jafnaði stærri, en skörun var þó mjög mikil. Lengdardreifing hænga var mjög svipuð þessi níu ár. Þeir voru á lengdarbilinu 12-41 cm, en stærsti hlutinn 24-35 cm að lengd (33. mynd). Meðallengd hænga var á bilinu 26,3 til 30,8 cm, en fór heldur minnkandi þegar leið á rannsóknartímabilið (4. tafla).

Hrygnur voru á lengdarbilinu 10-46 cm (34. mynd). Fyrstu tvö árin voru þær einkum á lengdarbilinu 27-39 cm, en þegar leið á tímabilið jókst fjöldi hrygna sem voru á bilinu 15-25 cm. Meðallengd hrygna þessi ár var 25,3 til 33,5 cm og var meðallengdin hærri í upphafi tímabilsins (4. tafla).

Hlutfall kynja í sýnum breyttist lítið þessi ár og voru hængar í meirihluta eða u.þ.b. 55% á móti 45% hrygna (4. tafla).

Öll árin var mestur þéttleiki á lengdarbilinu 25-35 cm (35. mynd). Vísitala þykkvalúru undir 20 cm lengd hefur hækkað síðustu fjögur ár.

Aldursdreifing og vísitölur eftir aldri

Gagnasöfnun er lítil og ár hvert eru einungis kvarnaðar u.þ.b. 100 þykkvalúrir. Aldursgreiningin sýnir að sú þykkvalúra sem veiðist í þessum leiðöngurum, er á aldursbilinu 2-14 ára og eru 6-9 ára aldurshópar oftast mest áberandi (24. -30. tafla). Í aldursgreindum vísitölum verður ekki séð að einn árgangur sé öðrum stærri (36. mynd).

Lengd eftir aldri

Meðallengd eftir aldri var nánast sú sama hjá hængum og hrygnum við sex ára aldur (24.-30. tafla). Hjá eldri fiski dró lítillega í sundur með kynjunum, þar sem meðallengd hrygna var alltaf meiri eftir sex ára aldur.

Kynþroski og hrygning

Kynþroskagreining sýnir að hængar voru svo til allir kynþroska (24.-30. tafla). Það sama má segja um hrygnurnar, en meira sást þó af ókynþroska fiskum þeirra á meðal. Þar sem nær eingöngu kynþroska hluti þykkvalúrustofnsins kom fram í þessum sýnum er lítið hægt að segja um kynþroskahlutfall eftir lengd eða aldri. Svo til öll kynþroska þykkvalúra var annað hvort á 2. eða 3. hrygningarstigi (5. tafla). Öll árin voru hængar komnir lengra í þroska.

Stórkjafta *Lepidorhombus whiffiagonis*

Útbreiðsla

Árlega veiddust á bilinu 518-3 400 stórkjöftur í leiddangri, mest árið 2003, en minnst árið 1996 (2. tafla). Stórkjöftu var nær eingöngu að finna á vestur- og miðsvæði (37. mynd), en aðeins örfáir fiskar fengust á austursvæði (38. mynd).

Magn stórkjöftu var svipað á vestur- og miðsvæði. Árið 1995 var fjöldi fiska á togmílu á vestursvæði 4,8 en 4,0 á miðsvæði, en henni fækkaði á báðum svæðum árið eftir (38. mynd). Eftir það fjölgaði stórkjöftu, hægt í fyrstu, en árið 2001 varð mikil aukning á báðum svæðum. Á vestursvæði fengust 19,2 stórkjöftur á togmílu árið 2001, en á miðsvæði 12,0. Stórkjafta hélt áfram að aukast og árið 2003 veiddust að meðaltali 24,2 fiskar á vestursvæði og 19,2 á miðsvæði. Eina árið sem segja má að eitthvað hafi veiðst af stórkjöftu á austursvæði var árið 2003, en þá fékkst að meðaltali 4,1 stórkjafta á togmílu.

Lengdardreifing

Verulegur munur var á lengdardreifingu hænga og hrygna stórkjöftunnar. Árin 1995-1997 var lengd hænga mest á bilinu 30-45 cm, en hrygna 40-60 cm. Mjög lítil skörun var á lengdardreifingu kynjanna þessi ár (39.-40. mynd). Hængar og hrygnur af þessari stærð voru svo til öll kynþroska og var lítið sem ekkert vart við ókynþroska hluta stofnsins fyrstu þrjú árin. Lengdardreifing stórkjöftu var með nokkrum öðrum hætti eftir 1997. Kynþroska hængar og hrygnur voru á sama lengdarbili og áður, en mun meira var af smárri ókynþroska stórkjöftu innan við 30 cm á lengd.

Munur var á hlutfalli kynja í sýnunum og var meira af hrygnum en hængum. Kynjahlutfallið var svipað fyrstu fjögur árin og voru hængar 13-16% af fjölda (4. tafla). Eftir það jókst hlutfallslegur fjöldi hænga og voru þeir á bilinu 30-40% af heildinni árin 2001-2003.

Aldursdreifing

Í aldursgreindum sýnum árið 1995 voru hængarnir á aldrinum 5-10 ára, einkum þó 8 ára (31. tafla). Aldursdreifing hrygna var nokkuð önnur. Þær voru 7-15 ára, flestar á aldrinum 9-11 ára. Þessi stórkjafta var svo til öll kynþroska, einungis hjá 5 ára hængum og 7-8 ára hrygnum var hlutfall kynþroska fiska undir 80% (31. tafla). Árið 1998 var aldursdreifing stórkjöftunnar nokkuð frábrugðin því sem hún var 1995 og má skipta henni í tvo hluta. Í fyrsta lagi var stærstur hluti hrygnanna á aldrinum 7-12 ára og hluti hænganna á aldrinum 7-10 ára, þ.e. á svipuðu aldursbili og stórkjaftan í sýnunum 1995. Þessi stórkjafta var svo til öll kynþroska (32. tafla). Í öðru lagi var svo stórkjafta á aldrinum 2-6 ára sem var öll ókynþroska. Þetta hlutfall var svipað meðal hrygna árið 1999, en meðal hænga var uppistaðan í aldursgreindum sýnum 3-6 ára ókynþroska fiskur. Á tímabilinu 2000-2003 var mun meira af ungri og ókynþroska stórkjöftu. á þessu tímabili var mjög lítið af kynþroska hængum (5-11%), en uppistaðan var ókynþroska fiskur á aldrinum 2-6 ára (34.-37. tafla). Meðal hrygna var einnig hlutfallsleg fækkun á kynþroska einstaklingum (8 ára og eldri), en þessi fækkun var ekki eins mikil og meðal hænga. Stærsti hluti hrygna var á aldrinum 4-10 ára.

Lengd eftir aldri

Hrygnur voru lengri en hængar í öllum aldurshópum og dró í sundur með kynjunum eftir því sem stórkjaftan varð eldri (31.-37. tafla).

Vísitölur eftir lengd og aldri

Stöðluð lengdardreifing stórkjöftu breyttist lítið fyrstu þrjú árin (41. mynd), enda var heildarvísitalan nær óbreytt (38. mynd). Frá þessum árum var einungis tekið sýni til aldursgreiningar árið 1995, en í ljósi

lengdardreifingar má gera ráð fyrir að hún hafi verið áþekkt þennan tíma (42. mynd). Frá og með árinu 2000 fer vísitala stórkjöftu að vaxa og stöðluð lengdardreifing og aldersdreifing sýna, að þar er um að ræða ungan fisk. Stórkjöftu 8 ára og eldri fækkaði á sama tíma.

Kynþroski og hrygning

Samanlögð kynþroskagreind gögn um stórkjöftu frá 1995-2003 benda til að 50% hænga varð kynþroska við u.þ.b. 33 cm lengd og 6 ára aldur, en 50% hrygna við 41 cm lengd og 7 ára aldur.

Á þeim tíma ársins sem gagnasöfnun fór fram, þ.e. í maí, hafði stórkjaftan svo að segja alveg lokið hrygningu (5. tafla).

Sandkoli *Limanda limanda*

Árlega veiddust um 151-6 265 sandkolar á rannsóknartímabilinu, minnst árið 2001 en mest árið 2003 (2. tafla). Á því svæði sem humarleiðangurinn nær til fæst langmest af sandkolar á miðsvæði, nánar tiltekið við Vestmannaeyjar (43. mynd).

Magn sandkolar fór minnkandi frá árinu 1995 til ársins 2001. Þessi minnkun sést best á vísitölu miðsvæðis, en hún minnkað úr 30,7 í 3,3 fiska á togmílu á þessum tíma (43. mynd). Síðan jókst fjöldi á togmílu mjög hratt og var mestur árið 2003. Þessi aukning kom einnig fram á vestur- og austursvæði.

Hængar voru á lengdarbilinu 14-36 cm, mest þó 19-31 cm. Lengdardreifingin var svipuð öll níu árin, en þó var breytilegt eftir árum hvar toppurinn á lengdardreifingunni var eða frá 21-28 cm. Hrygnur voru flestar á lengdarbilinu 25-37 cm, en minnsta hrygnan var 16 cm og sú stærsta 44 cm. Hængarnir dreifðust þannig á þrengra lengdarbil en hrygnurnar, og voru smærri. Þó var skörun á lengdardreifingu kynjanna. Meðallengd hænga var á bilinu 23,0-26,9 cm en meðallengd hrygna 25,7-29,7 cm (4. tafla). Meðallengd beggja kynja fór minnkandi eftir því sem leið á rannsóknartímabilið.

Bæði hængar og hrygnur voru á aldursbilinu 3-11 ára, en langmesti hlutinn var 5-7 ára.

Sá sandkoli sem fékkst var nánast allur kynþroska (5. tafla). Öll árin voru hængar flestir á 3. hrygningastigi, þ.e. hrygning var í fullum gangi. Hrygnur voru annað hvort á 2. eða 3. stigi.

Skarkoli *Pleuronectes platessa*

Lítið fékkst af skarkolar á því tímabili sem rannsóknin fór fram eða á bilinu 15-120 fiskar í á ári á aðal söfnunarsvæðinu (2. tafla) og 7-69 í Jökuldjúpi (3. tafla). Skarkolinn fékkst fyrst og fremst sunnan og vestan við Reykjanes og í Jökuldjúpi. Honum hefur fækkað mikið á tímabilinu eða úr u.þ.b. 0,5 fiskum að meðaltali á togmílu í að meðaltali 0,1 fisk (44. mynd).

Skarkolinn sem fékkst var tiltölulega stór. Hængar voru mest á bilinu 35-46 cm á lengd (sá minnsti var 27 cm, en sá stærsti 48 cm), en hrygnur á mest bilinu 36-51 cm (sú minnsta 30 cm, en sú stærsta 59 cm).

Lúða *Hippoglossus hippoglossus*

Lítið hefur fengist af lúðu þau níu ár sem rannsóknin hefur farið fram eða á bilinu 9-85 fiskar á ári á öllu rannsóknarsvæðinu (2. og 3. tafla). Segja má að lúðan hafi verið jafndreifð um rannsóknarsvæðið og yfirleitt fékkst einungis ein eða tvær lúður í þeim togum þar sem lúða fékkst á annað borð. Mest er þetta lúða á bilinu 50-90 cm (lengdardreifing 32-100 cm). Sú lúða sem var aldersgreind dreifðist á aldursbilið 3-10 ára, en var einkum 4-7 ára gömul. Fjöldi lúðu á togmílu á rannsóknartímabilinu var jafnan um 0,1 lúða (45. mynd).

Umræður

Þær togstöðvar sem teknar eru í humarleiðangri koma nokkuð heim og saman við aðal útbreiðslusvæði langlúrunnar og aðal veiðisvæði dragnótabáta. Þó er þetta nokkuð breytilegt frá einu svæði til annars. Á svæðinu vestan við Reykjanes, þ.e. á Eldeyjarbanka, við Eldey og í Hafnarsjó, falla togstöðvar sérlega vel að útbreiðslusvæði langlúrunnar. Það sama má segja um togstöðvar í Grindarvíkurdjúpi. Hins vegar eru togstöðvar sem teknar eru í Háfadjúpi alveg í útjaðri á veiðisvæði langlúru undan Eyjafjöllum og nokkuð stórt veiðisvæði í Skaftárdjúpi og Meðallandsbug er utan við rannsóknarsvæðið. Togstöðvar á vestursvæði falla þannig mun betur að veiðisvæðum langlúru en togstöðvar á austursvæði og jafnframt eru hlutfallslega fleiri stöðvar á austursvæði sem eru utan veiðisvæða. Þetta skýrir að hluta þann mun sem er á þéttleika langlúru eftir svæðum samkvæmt þessum gögnum.

Einn megin tilgangur þessara rannsókna var að kanna hvort með þessum hætti væri hægt að fá upplýsingar um nýliðun, einkum hjá langlúru. Aldursgreindar vísitölur hafa verið sjálfum sér samkvæmar frá ári til árs, a.m.k. upp að vissum aldri, og er ekki annað að sjá en að þær séu býsna áreiðanlegar. Þetta hafa reynst bestu gögnin sem Hafrannsóknastofnunin hefur um langlúruna og eru óháð aflagögnum fiskveiðiflotans. Undanfarin ár hafa þessi gögn verið notuð við stofnúttekt langlúru vegna ráðgjafar til stjórnvalda um aflamark.

Þessar rannsóknir sýna að árgangarnir frá árunum 1989-1993 voru lélegir, enda fór afli á sóknareiningu minnkandi á þeim tíma sem þessir árgangar komu inn sem nýliðar í veiðistofninn, en afli á sóknareiningu var lægstur árið 1998 (Hafrannsóknastofnunin 2003). Síðan snerist nýliðun til betri vegar og voru árgangar frá árunum 1994-2000 stærri en á fyrrnefndu árabili. Aukinn afli á sóknareiningu fylgdi í kjölfarið.

Þar sem staðsetning togstöðva í þessum rannsóknum er miðuð við útbreiðslu humars þarf ekki að koma á óvart þó nokkurt ósamræmi sé milli útbreiðslusvæðis langlúru eins og það kemur fram í afladagbókum og staðsetningu togstöðva. Þetta ósamræmi skiptir varla miklu máli fyrir vísitölur svæðisins í heild ef ekki verða stórvægilegar breytingar á útbreiðslusvæði langlúrunnar. Enn fremur ætti þetta ekki að hafa áhrif á samanburð frá ári til árs innan svæðis. Hins vegar veikir þetta ósamræmi allan samanburð á þéttleika milli svæða.

Samanburður milli svæða er þó fyllilega raunhæfur varðandi hvar nýir árgangar koma fram í þessari rannsókn. Þannig var sérstaklega áberandi þegar árgangurinn frá 1994 fór að koma í ljós að hann sást varla á Austursvæðinu en var í yfirgnæfandi meirihluta á Vestursvæðinu sem þriggja, fjögurra og 5 ára. Þegar árgangurinn frá 1998 kom fram var hann hins vegar meira áberandi fyrstu árin á austursvæðinu en á vestur- og miðsvæði. Þetta gæti bent til þess að langlúrustofninn skiptist í mismunandi hrygningarhópa og að breytilegt sé eftir árum hvaða hópar skili góðri nýliðun. Þetta gæti allt eins stafað af því að rek seiðanna meðan þau eru á sviflægu stigi sé breytilegt frá einu ári til annars.

Þar sem skrápflúran er útbreidd um öll Íslandsmið nær humarleiðangurinn einungis til hluta útbreiðslusvæðisins. Hins vegar falla tog í humarleiðangri nokkuð vel að aðal veiðisvæði skrápflúrunnar fyrir suðurströndinni og Reykjanesi. Fjöldi stöðva í Breiðamerkurdjúpi fellur t.d. vel að einu aðal veiðisvæðinu. En líkt og með langlúruna, þá er helst að nokkuð vanti á í Skaftárdjúpi.

Hængar skrápflúrunnar eru smávaxnir og einungis þeir allra stærstu ná þeirri stærð sem veiðar eru stundaðar á. Þar sem verið er að leita eftir vísitölum um nýliðun í veiðistofninn taka vísitölur skrápflúru í þessum rannsóknum einungis til hrygna. Fylgni aldursgreindra vísitalna árganga skrápflúru eitt árið við vísitölur sömu árganga ári seinna var breytileg eftir aldri, en aldrei jafn góð og hjá langlúru. Samt sem áður er auðvelt að fylgja eftir stórum árgöngum frá ári til árs eins og sést best á vísitölum árganganna 1989, 1993, 1995, 1997 og síðast 1998.

Margt er óþekkt í líffræði skrápflúrunnar, t.d. er ekkert vitað um göngur hennar. Þannig er ekki ljóst hvort samgangur er milli svæða hjá tegundinni og í hve miklum mæli. Einnig verður að teljast ólíklegt að skrápflúran fyrir Suðurlandi sé sérstök eining og líklegra að þangað leiti einnig fiskur frá öðrum svæðum til hrygningar. Því þarf ekki að koma á óvart þó nokkur breytileiki sé í vísitölum frá ári til árs.

Vísitölur eldri hluta stofnsins sem mældur er í humarleiddangri koma vel heim og saman við aldursdreifingu í aflasýnum af svæðinu. Skrápflúran kemur lítið sem ekkert inn í veiði fyrr en við 6 ára aldur. Í humarleiddangri fæst vísbending um árganginn strax við þriggja ára aldur og er því hægt að fylgjast með honum í þrjú ár áður en hann kemur inn í veiði.

